

Fundargerð háskólaráðs 8. desember 2016

Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Finnbjörn Börkur Ólafsson fulltrúi starfsmanna, Einar Svansson fulltrúi kennara, Auður H. Ingólfssdóttir fulltrúi kennara, Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaránema, Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnema, Haraldur Líndal Haraldsson fulltrúi grunnema (Skype) og Andri Már Ágústsson fulltrúi grunnema (Skype).

Fjarverandi: Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara, Svandís Elísa Margrét Leósdóttir fulltrúi háskólagáttar og Anna Elísabet Ólafsdóttir staðgengill rektors.

Áheyrnarfulltrúar: Ólafur Ísleifsson gæðastjóri og Íris Gunnarsdóttir áheyrnafulltrúi íbúaráðs.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun 2017

Rektor kynnir rekstraryfirlit yfir fyrstu tíu mánuði ársins. U.þ.b. 20 millj. kr. tap miðað við þetta tímabil. Líklegt að niðurstaða ársins verði svipuð, vaxtagjöld hafa töluverð áhrif á niðurstöðuna.

Rekstraráætlun fyrir árið 2017, ræðir um mismun uppá u.þ.b. 90 millj. kr. sem unnið var með, einkum að lækka kostnað. Búið að fara ítarlega yfir alla kostnaðarliði, en einkum launakostnað. Ríkisframlagið verði 377,4 milljarðar kr. m.v. fjárlagafrv.

Fjárhagsáætlun verður lögð fyrir stjórn skólans á mánudag.

Rektor kynnir skjalið: Stefna Háskólans á Bifröst 2017 – 2020. Almennt gengur vel í skólanum, en vandinn hefur fyrst og fremst verið fjárhagslegur. Þar er farið yfir helstu verkefni framundan m.a. hjá stjórnendum skólans. Stefnan verður kynnt með fjárhagsáætlun næsta árs fyrir stjórn skólans.

3. Samskipti við Íbúðalánasjóð

Rektor fer yfir samskipti við Íbúðalánasjóð. Söluferli hefur verið í gangi vegna sölu á fasteigna á svæðinu. Viðræður í gangi um breytta samsetningu eigna sem verði til sölu, nýtt ferli fer væntanlega af stað innan tíðar.

4. Gæðamál

Gæðastjóri greinir frá að handbók gæðaráðs er nú komin fram í drögum II.

Kynnir að til er rammi um endurskoðun námsbrauta, nú eru reglurnar til meðferðar hjá deildarráðum. Í reglunum er lögð áhersla á vandlegan undirbúning við upptöku nýrra námsbrauta og einnig að til staðar sé vel skilgreint samþykktarferli ef tekin er upp ný námsbraut við skólann.

Gæðastjóri kynnir atriði í farvatninu varðandi gæðahandbók skólans. Í fyrsta lagi viðmið um fjölda nemenda í námskeiðum, í öðru lagi regla um námundum einkunna í verkefnaeinkunn, í þriðja lagi birting kennsluáætlaða verði á ábyrgð kennara. Þriðja og síðasta atriðið er í skoðun.

Einar Svansson, spyrst fyrir um meðferð mála innan skólans þegar upp kemur ritstuldur í námskeiðum. Talið að það þurfi að skýra ferla varðandi meðferð slíkra mála.

Gæðastjóri kallar eftir ábendingum um úrbætur í regluverkinu hvað varðar ritstuld.

Gæðastjóri yfirgefur fundinn.

5. Fundur með nemendum – staða staðnáms á Bifröst

Rektor ræðir um framtíð staðnáms, segir að ekki sé búið að ákveða að leggja af staðnám við skólann. Bendir á að það sé ekki bara á Bifröst þar sem fjarnemum er að fjölga, þetta sé að gerast í fleiri skólum. Hann kynnir hugmynd um að nemendur væru í eins konar samvinnuhópum sem hittust fyrir utan kennslustundir. Hver hópur væri leiddur af nemanda og því fylgdi einnig skýrslugerð og nemendur gætu jafnvel fengið greitt fyrir þetta verkefni. Gert er ráð fyrir fundi með nemendum í janúar um markaðsmál þar sem ofangreind hugmynd verði rædd. Bent á að áður fyrr hafi verið tutor-tímar í skólanum og nemendur fengu einingar fyrir.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.00

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir, kennslustjóri

Samþykkt 18. janúar 2017